

Berist til Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar
Frá Stjórn Rauða krossins í höfuðborgarsvæðinu
Reykjavík, 12. Janúar, 2021

Efni: Framtíð Vinjar og rekstur þess

Þann 8. febrúar 1993 hóf Vin starfsemi sína á Hverfisgötu í Reykjavík. Var þar stigið skref í bættri þjónustu við fólk sem glímir við geðraskanir. Á þessum árum hóf Rauði krossinn rekstur á nokkrum dagsetrum fyrir fólk með geðraskanir í hinum ýmsu sveitafélögum m.a. Dvöl í Kópavogi, Læk í Hafnafirði og Laut á Akureyri. Hefur rekstur þeirra athvarfa allur verið færður á hendur sveitafélaganna sem þau eru staðsett í.

Húsnæði Vinjar hefur ávallt verið í eigu Reykjavíkurborgar og hefur athvarfið fengið að nýta þann frábæra húsakost undir starfsemi sína án endurgjalds. Síðustu misseri hefur borgin komið veglega að rekstri athvarfsins með því að leggja út rekstrarfé fyrir athvarfið.

Viðbragðsfélag líkt og Rauði krossinn kemur gjarnan að verkefnum þar sem þörf er á að bæta þjónustu við jaðarsetta einstaklinga eða þegar neyðin er mikil. Á þeim tíma þegar Vin var sett á fót var þjónusta við fólk með geðraskanir nokkuð fábrotin og dagsathvörf ekki aðgengileg breiðum hópi. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá þeim tíma og þjónusta við hópinn hefur aukist verulega og gæðin aukist samhliða því. Eftir 28 ára samfylgd teljum við því tíma vera kominn til að þessi nauðsynlega þjónusta komist í nýjan farveg.

Sú ákvörðun hefur því verið tekin af stjórn Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu að draga sig úr rekstri Vinjar. Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg var laus um áramótin 2021 og er vilji okkar að semja við borgaryfirvöld um lúkningu Rauða krossins í starfsemi Vinjar og/eða yfirfærslu á rekstrinum á hendur annarra rekstraraðila, sem gæti tekið 3-6 mánuði svo hægt verði að ganga vel frá starfsemi Vinjar á árinu 2021.

Við teljum mikilvægt að yfirfærsla starfseminnar verði sem farsælust fyrir skjólstæðinga okkar, hvort sem ákveðið verður að færa starfsemina yfir á aðra rekstraraðila eða samræma starfsemina öðrum úrræðum. Stjórn Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu leggur þó ríka áherslu á að gætt sé vel að viðkvæmri stöðu þeirra gesta sem sækja Vin heim og séð verði til þess að ekki verði hlé á þjónustu hjá þeim einstaklingum. Gestir Vinjar hafa sýnt starfseminni mikla tryggð í gegnum árin enda er andrúmsloftið í Vin vinarlegt, rólegt og heimilislegt. Starfsemin hefur ávallt haft hag gesta sinna í forgangi og fólk er þar velkomið á sínum forsendum. Þar skipar húsnæði og starfsmenn Vinjar gríðarlega stórt hlutverk.

Við erum stolt af því starfi sem starfsfólk okkar og sjálfboðaliðar hafa unnið innan Vinjar. Við erum einnig mjög ánægð með það góða samstarf sem Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu hefur átt við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar og þann góða skilning á hlutverki okkar sem mannúðarhreyfingu í starfi með fólki með geðraskanir. Við erum jafnframt reiðubúin til frekara samstarfs á nýjum vettvangi með Velferðarsviði Reykjavíkurborgar þar sem þekking, reynsla og aðkoma Rauða krossins getur átt við.

Með von um áframhaldandi farsælt samstarf,



Árni Gunnarsson

formaður Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu



Hluti af Alheimshreyfingu
Rauða krossins

Icelandic Red Cross

Cruz Roja Islandesa

Croix-Rouge Islandaise

Efstaleiti 9

103 Reykjavík

Iceland

Sími/Tel: (354) 570 4000

Fax: (354) 570 4010

E-Mail: central@redcross.is

Website: www.redcross.is